



# Kjarasamningur FA og Félags lykilmanna

Kynning fyrir félagsmenn FA  
19. september 2018

# Forsagan

- FLM stofnað 2012 sem kostur fyrir stjórnendur og sérfræðinga sem standa utan stéttarféлага.
- Innheimtir lágt félagsgjald, í staðinn njóta félagsmenn trygginga.
- Sendir FA beiðni um gerð kjarasamnings 2014.
- 2018: Orðinn talsverður hópur starfsmanna félagsmanna í FA sem er í FLM, tímabært að gera samning.
- Drög tilbúin snemmsumars, athugasemda óskað frá félagsmönnum sem hafa FLM-fólk í vinnu. Búið að vinna úr þeim og leysa í viðræðum við FLM.



# Tilgangur fundarins

- Nýr samningur undirritaður 5. september.
- Lög FA: Allir kjarasamningar gerðir með fyrirvara um samþykki stjórnar.
- Lög FA: Samþykktan samning skal „kynna á almennum félagsfundi eins fljótt og unnt er.“



# Fyrirmyndir/viðmiðanir

- Form samningsins svipað og samnings FA og Lyfjafræðingafélags Íslands.
  - Ótímabundinn samningur
  - Enginn launaliður, gert ráð fyrir að fólk semji á einstaklingsgrundvelli
  - Kveður fyrst og fremst á um réttindamál
- Jafnframt leitað viðmiðana í samningi FA og VR.



# Uppsagnarfrestur (gr. 1.2)

- Fyrstu 3 mánuðina – 1 vika.
- Næstu 3 mánuðina – 1 mánuður.
- Eftir 6 mánuði – 3 mánuðir.
- Eftir 10 ára starf – 6 mánuðir.
- *Í kjarasamningi FA og VR (VR-samningur) er lengd uppsagnarfrests eftir 10 ára starf hjá sama vinnuveitanda bundin við aldur.*
- *Í kjarasamningi FA og Lyfjafræðingafélags Íslands (LÍ-samningur) er fresturinn 6 mánuðir eftir 5 ára starf hjá sama vinnuveitanda.*



# Dagvinna (gr. 2.1)

- Dagvinnutímabil frá kl. 7-19.
- Virkur vinnutími fyrir fulla dagvinnu er 36 klst og 15 mínútur á viku.
- *Eins í LÍ-samningi og VR-samningi.*



# Laun (gr. 3)

- Samningsatriði – markaðslaun (Við mat geta aðilar framkvæmt launakannanir).
- Heimilt að semja um föst laun.
- Sambærilegt ákvæði í LÍ-samningi.





# Lífeyrissjóður (gr. 3.5)

- 11,5% framlag vinnuveitanda + 4% af mánaðarlaunum starfsmanns.
- *Sömu prósentur í nýjustu kjarasamningum.*



# Viðbótarlífeyrissjóður (gr. 3.5)

- 2% framlag vinnuveitenda + a.m.k. 2% af mánaðarlaunum starfsmanns.
- *Sömu prósentur og í öðrum samningum.*



# Sjúkrasjóður (gr. 3.7)

- Vinnuveitendur greiða 1% af launum í sjúkrasjóð FLM.
- *Sama í VR-samningi og LÍ-samningi.*



# Orlofsréttindi (gr. 4)

- 24 dagar eftir 1 ár.
- 25 dagar eftir 5 ár í sömu starfsgrein.
- 27 dagar eftir 5 ár hjá sama vinnuveitanda.
- 30 dagar eftir 10 ár hjá sama vinnuveitanda.
- *Eins í VR-samningi. Meiri réttindi skv. LÍ-samningi.*



# Orlofssjóður

- Enginn orlofssjóður.
- Ólíkt VR-samningi og LÍ-samningi þar sem vinnuveitendur greiða 0,25% af sama launastofni og lífeyrissjóðsiðgjöld eru reiknuð.



# Starfsmenntasjóður

- Enginn starfsmenntasjóður.
- Ólíkt VR-samningi þar sem vinnuveitendur greiða 0,3% af launum starfsmanna.



# Veikindaréttur (gr. 5)

- Á fyrsta starfsári: 2 dagar fyrir hvern unninn mánuð.
- Eftir 1 árs starf: 2 mánuðir á ári.
- Eftir 5 ára starf: 4 mánuðir á ári.
- Eftir 10 ára starf: 6 mánuðir á ári.
- *Sambærilegur VR-samningi nema eftir eitt ár í starfi er veikindarétturinn þar **þrjú** mánuðir í stað **tveggja**.*



# Tryggingar (gr. 6)

- Samkvæmt gr. 6.1.7 er trygging í gildi allan sólarhringinn.
- *Sama ákvæði er að finna í LÍ-samningi.*
- *Fjárhæðir eru þær sömu og uppreiknaðar fjárhæðir í VR-samningi.*





# Að lokum

- Samningurinn felur m.a. í sér að vinnuveitendur greiða hvorki í orlofssjóð né starfsmenntasjóð. Í stað þess njóta starfsmenn tryggingaverndar allan sólarhringinn.
- Réttindi félagsmanna FLM í starfi hjá félagsmönnum FA eru nú betur tryggð. Sameiginlegt metnaðarmál.
- Réttindi starfsmanna sem hafa verið utan hefðbundinna stéttarféлага eru betur tryggð; eiga nýjan valkost.

